

Hafnarfjörður

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags sem markast af svæði milli Herjólfstrautar í norðvestur og Reykjavíkurvegar í suðaustur, að mörkum Garðabæjar í norður og Víðistaðatúni í suður



**Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA**

Skannað eintak af upprunalegri skýrslu hefur verið ljóslesið og
aðlagð af Minjastofnun Íslands.

Blaðsíðutöl gætu hafa færst úr stað og uppsetning breyst á
smávægilegan máta miðað við upprunalega útgáfu.

Efnisyfirlit:

Inngangur.....	2
Tilgangur fornleifaskráninga.....	4
Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar.....	6
Sögulegt yfirlit.....	9
Niðurstöður.....	11
Heimildaskrá.....	15
Fornleifaskrá.....	16

Inngangur.

Efni:

Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulags á svæði, sem takmarkast í norður af landamerkjum Hafnarfjarðar og Garðabæjar, í norðaustur af götunum Norðurvangi, Breiðvangi, Miðvangi, Þrúðvangi og Glitvangi. Suðurhlið svæðisins er Reykjavíkurvegur frá Glitvangi 31 í austur að Hraunbrún 26 og 24 í vestur. Vesturhlið svæðisins er að Víðstaðatúni þar sem liggja að göturnar Hrauntún, Suðurvangur, Miðvangur, Víðivangur, að Hjallabraut í norðnorðvestur. Norðan Hjallabrautar er Sævangur í norðvestur, Vesturvangur og Heiðarvangur í norður, þar sem svæðið kemur saman við landamerki Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs var óskað eftir því við Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing að skrá fornleifar á ofan nefndu deiliskipulagssvæði.

Árið 1998 var gerð "Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði", sem er heimildaskrá. *Fornleifaskráning í Hafnarfirði 1. Unnið af Hildi Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands Reykjavík 1998.*

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á áður nefndu deiliskipulagssvæði.

Skráðar fornleifar eru færðar inn í gagnagrunn Byggðasafns Hafnarfjarðar, Fornleif. Fornleifaskráning fór fram í september og október 2011.

Fornleifar á skráningarsvæðinu eru númeraðar frá 30-47.

Númer í sviga í Fornleifi, gagnagrunni Byggðasafns Hafnarfjarðar, eru vinnunúmer skrásetjara.

Deiliskipulagssvæðið er í Garðalandi. Samkvæmt jarðatali Johnsons frá 1841 fær jörðin númerið 185.

Þakkir til Jónatans Garðarssonar fyrir veitta aðstoð við skráninguna.

¹J. Johnson 1847. Jarðatal á Íslandi 1847 bls. 92.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hverskyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til“. Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifur. Gagnagrunnur Byggðasafns Hafnarfjarðar

Gagnagrunnurinn *Fornleifur* inniheldur fornleifaskrá er veitir upplýsingar um skráðar fornleifar í landi Hafnarfjarðar.

Gagnasafn *Fornleifs* byggir á fornleifaskráningu Byggðasafns Hafnarfjarðar sem felur í sér heimildaöflun og úrvinnslu jafnt ritaðra sem munnlegra heimilda, korta og loftmynda. Enn fremur vettvangsvinnu s.s. Ísnet 93 hnitun fornleifa, ljósmyndun, gerð uppdrátta og lýsingu fornleifa á vettvangi. Með innsætti í gagnagrunninn, útprentun gagnasafnsins, gerð korta og sögulegs inngangs, verður til lokaskýrsla sem send er bæjaryfirvöldum og Fornleifavernd ríkisins og telst þá fornleifaskráningu viðkomandi svæðis vera lokið.

Fornleifur veitir upplýsingar um fjölmörg skráningaratriði og gildi sem hér verður gerð nánari grein fyrir:

Númer jarðar.

Í Jarðatali J Johnsen¹ frá 1874 er jörðum gefið ákveðið númer. Jörðin fær það númer í gagnagrunni Byggðasafnsins. Síðan fær hver fornleif á viðkomandi jörð undirnúmer sem telur fjölda skráðra fornleifa innan landamerkja jarðarinnar.

Landareign og númer landareignar.

Gildið **Landareign** á við heiti þeirrar jarðar sem fornleifar finnast á. Samkvæmt Fasteignamati ríkisins eiga jarðir ákveðið **landsnúmer** sem fært er inn í gagnagrunninn.

Fyrir fyrirhugað deiliskipulagssvæði í Sléttuhlíð eru mörg númer, þar sem landið skiptist á milli margra eigenda. Því er ekki skráð inn neitt heildarnúmer fyrir svæðið.

Aldur.

Aldur fornleifa er metinn samkvæmt eftirfarandi þremur skilgreindum flokkum:

-1550, 1550-1900 og 1900-. Hér er ekki um nákvæmt mat að ræða heldur frekar einskonar tilgátu. Sé **ártal** hins vegar fyrir hendi sem byggir á traustum heimildum eða fornleifarannsókn er það fært inn sérstaklega.

Sérheiti.

Hafi fornleif ákveðið **heiti** er það skráð í gagnagrunninn sbr. heitin: Hádegisvarða, Hádegisskarað, Þorbjarnastaðarétt o.s.frv.

GPS staðsetning.

Samkvæmt vinnureglu er **GPS hnit í kerfinu Ísnet 93** tekið sem næst miðju fornleifar og hnitð fært inn í gagnagrunninn, einnig er nákvæm staðsetning fornleifa færð inn á kortagrunn.

Ástand.

Ástand fornleifa er metið samkvæmt eftirfarandi fjórum fyrirfram ákveðnum atriðum: **Ágætt** ef viðkomandi fornleif er í góðu ástandi, **Sæmilegt** ef fornleif er nokkuð heilleg, **Lélegt** ef fornleif er mikið röskuð og **Horfin** ef fornleif er ekki sýnileg á yfirborði, fornleifin er þá hinsvegar orðin heimild um fornleif. Mikilvægt er að taka tillit til fornleifa sem skráðar eru horfnar því óvíst er hvað kann að leynast undir sverðinum.

¹J.Johnsen 1847.Jarðatal á Íslandi. Kaupannahöfn.

Hættumat.

Hvort hætta steðji að fornleif er metið samkvæmt eftirfarandi skilgreindum atriðum: **Ábúð, Nýbyggingar, Efnistaka, Ekkert, Landeyðing, Landgræðsla, Skepnur, Umferð, Vegagerð, Annað, Skógrækt, Skógrækt og göngu/ ólk, Landbrot.**

Hætta.

Leitast er við það að meta hættuástand, samkvæmt eftirfarandi fjórum skilgreindum þáttum: **Mikil, Talsverð, Lítil og Engin.** Þannig er möguleiki á að grípa til viðeigandi ráðstafna liggi fornleif t.d. undir skemmdum eða hætta sé á raski.

Tegund minja.

Heiti tegundar s.s. fjárhús, beitarhús, brunnur, varða, stekkur, rétt o.s. frv. er skráð inn í gagnagrunninn.

Friðlýsing.

Við skráningu fornleifar í gagnagrunninn er athugað í Skrá um Friðlýstar minjar sem Fornleifavernd ríkisins hefur umsjón með hvort viðkomandi fornleif sé friðuð, ef svo er, þá er þess getið og hvenær friðuð hafi átt sér stað.

Minjagildi.

Leitast er við meta minjagildi fornleifar miðað við aldur, hlutverk, ástand og verðleika samkvæmt fjórum eftirfarandi skilgreindum þáttum: **Hátt, Talsert, Lítið og Ekkert.**

Lega og staðhættir.

Staðsetningu fornleifa er lýst með tilliti til **legu og staðháttu**, með því markmiði að auðvelt sé að ganga að og finna fornleif á vettvangi bæði með hliðsjón af afstöðu minja til kennileita í landinu og með aðstoð korta. Skráðar minjar eru færðar inn á kotagrunn Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar nema annað sé tekið fram.

Lýsing.

Gerð er grein fyrir lögun fornleifar, veggjahæð, steinastærð í hleðslum, ásamt einkennandi þáttum og almennu ástandi á skráðri fornleif.

Athugasemdir.

Inn í **athugasemdir** eru færðar allar þær viðbótarupplýsingar sem eru fyrir hendi og skrásetjari telur nauðsynlegt að komi fram varðandi fornleif. Til dæmis sögulegar upplýsingar, ábúendasaga, munnlegar frásagnir, GPS staðsetning og leiðir að öðrum fornleifum á svæðinu. Þar er enn fremur að finna texta er rökstyður tillögu skrásetjara um merkingar á vettvangi t.d. með tilliti til umferðar, ágangs eða vegna menningarsögulegra ástæðna.

Heimildir.

Vísað er til **heimilda** um hverja fornleif fyrir sig, jafnt ritheimilda sem munnlegra frásagna og er heimildamanna sérstaklega getið. Enn fremur er vísað til þeirra korta og loftljósmynda sem fylgja eða tilheyra fornleifinni eða því svæði sem hún liggur á.

Ljósmyndir.

Myndreitir eru til innskönnunar fyrir myndir. Myndtexti segir til um í hvaða átt mynd er tekin, og annað sem er auðkennandi fyrir viðkomandi fornleif.

Teikningar.

Við skráningu fornleifa á vettvangi er viðkomandi fomleif jafnan stikuð út og teiknuð með einföldum hætti og er jafnan er stuðst við niðurstöður áttavita. Sé fomleif mæld upp er þess sérstaklega getið í texta með teikningunni.

Sögulegt yfirlit

Árið 1307 eru fyrstu heimildir um Garða, en það er réttur til rekafjöru í landi Garða.: 1307 „ad stadur j Gördum a Alftanese ætte allann vidreka og hvalreka frá Ranganiogre ig (i) Leitu kvenna bása ad kalftiorninga fiouru" DI II, 362.²

Árið 1367 var staðurinn 61 hndr og átti kirkjan allt heimalandið DI III, 220.³ 1397 á staðurinn afrétt í Múlatúni.

1558 Var kirkjujörðin Hlíð lögð til Bessastaða, en Garðar fengu í staðinn Vifilstaði DI XIII 317.⁴

1697 var staðurinn 60 hndr.

Hafnarfjörður á 16 ha þríhyrning úr landi Garða frá gömlu markalínunni í átt að Álftanesvegi, þar sem nú stendur hluti af norðurbænum í Hafnarfirði.

Görðum tilheyrir landið sjávarmegin við Hafnarfjarðarveg inn að Arnarneslæk sem ræður til sjávar. Ö-Garðahverfi 2.⁵

Jarðabók 1703. Garðar. Kirkjustaður, í eigu kirkjunnar.

Jarðardýrleiki hefur verið óviss allt til ársins 1697, en þá er staðarins getið og er hann metinn af sex mönnum sem valdir hafa verið til matsins af prófastinum í Kjalarnessþingi og sýslumanninum í Gullbringusýslu eftir tilmælum frá amtmanninum. Staðurinn er þá virtur 60 hndr. að dýrleika.

Ábúandi er staðarhaldarinn Sr. Ólafur Petursson prófastur í Kjalarnessþingi.

Landskuld er engin. Fyrirgreindir sexmenningar hafa áætlað að leiga fyrir jörðina væri tveir hundruðustu.

Leigukúgildi engin.

Annars á kirkjan 20 kúgildi, þar af eru sum þeirra í leiguburði á kirkjunnar jörðuum og líka á hjáleigum í kringum staðinn.

Bústofn er fjórar kýr, og sú fimmta er leigukýr, ein kvíga þriggja vetra, mjöltuð í tvo vetur geld, 32 ær., einn sauður tveggja vetra, 18 veturgömul lömb, 20 lömb, einn hestur, þrjú hross. Tveir tveggja vetra folar.

Hægt er að fódra fimm kýr og einn hest ríflega. Heimilsmenn eru 15.

Selstöðu (sel) á staðurinn þar sem heitir Kaldá. Þar eru bæði haga og vatnsból góð. Skóg á staðurinn, og er hann notaður til kolagerðar, en er mjög eyddur.

Móskurður til eldiviðar hefur verið nægur, en fer í þurrð og verður þá erfiður. Fjörugrastekja nægjanleg.

Rekavon í minnsta lagi og nær engin, en fjöruskilyrði fyrir reka. Sölvafjara bæði góð og mikil.

Hrognkelsafjara gagnleg.

Skelfiskfjara er notuð til beitu en margir sækja í hana og gengur því á hana.

Heimræði (róðrar) er allt allt árið og er lending góð. Róðrar voru fengsælir þegar fisk var að fá í Hafnarfirði. Hér ganga skip staðarhaldara allt árið eftir því sem þurfa þykir. Engin aðkomubátar hafa verið hér nýlega, en geta þó verið hér, þar sem varir eru margar.⁶ JÁM III bls. 180-181.

² DI II, 362.

³ DI III, 220.

⁴ DI XIII 317

⁵ Örnefni Garðahverfi, 2. Örnefnastofnun Íslands.

⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703. Jarðabók III, bls. 180-181. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Jarðatal J. Johnsens frá 1847.

Samkvæmt jarðatalinu hefur jörðin númerið 185. Jörðin er kirkjujörð. Dýrleiki er 40. Landskuld er 2.0. Kúgildi 1. Ábúendur er prestur.

Í skýringum segir: Á.M. einn segir frá dýleika á Görðum, og segir hann að þar sé 20 kúgildi en jarðabók 1760 telur landskuld og kúgildi sem hér segir. Jarðabók 1803 ein, nefnir Hól sem hjáleigu.⁷

Saga Hafnarfjarðar: Árið 1911 fól Bæjarstjórn Hafnarfjarðar landakaupanefnd að hefja á ný samninga við staðarhaldarann á Görðum um kaup á þeim hluta Garðakirkjulands sem var innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, og öðru því landi sem umsamdist. Orðalagið bendir til að landakaupanefndin hafi áður verið í viðræðum um kaup á umræddu landi, en án árangurs. Vorið 1912 gaf prófasturinn í Görðum, Jens Pálsson Hafnarfjarðarbæ kost á að kaupa nokkuð af því landi sem bærinn stóð á og einnig nokkurt beitiland fyrir samtals 52.000 kr. Bæjarstjórn fól fasteignanefnd að leita eftir kaupum á land þessu samkvæmt áðurnefndum tillögum prófests.

Alþingi heimilaði þessi landakaup með lögum nr. 13, frá 22. október 1912. Í grein þeirri segir svo: Landstjórninni veitist heimild til að selja Hafnarfjarðarkaupstað land Garðakirkju sunnan og vestan þessara marka.

1. Bein lína úr Balaklökkvi við vesturenda Skerseyrarmalar í veg inn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur þar sem hann fer að fara lækandi ofan af norðurbrún hraunsins.

2. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunholti, nálægt í hásuður frá bænum spölkorn frá hraunjarðinum.

3. Úr Hádegishól bein lína í miðaftanshól sem er gamalt miðaftansmark miðað frá Vífilsstöðum;- þá tekur við:

4. Urriðakostland; þá

5. Setbergsland allt til Lækjarbotna og loks

6. Selvogsmanna -eða Grindaskarðsvegur.

Innifalið í þessum kaupum var Hamarskot, en undaskilið var Hamarskotstún innan girðingar og Undirhamarstúnblettur. Var gert ráð fyrir að presturinn hefði þar grasnytjar ef hann flyttist til Hafnarfjarðar. Árið 1927 skoraði bæjarstjórn Hafnarfjarðar á þingmenn Gullbringu- og Kjósasýslu að flytja frumvarp á næsta Alþingi um að Hafnarfjarðarkaupstaður fengi það land sem Garðakirkja átti í miðjum bænum. Var það gert með það í huga að komið að tillögu skipulagsnefndar ríkisins sem á skipulagsuppdraetti hafði gert ráð fyrir að á Hamarskotstúni yrði skemmtigarður. En Undirhamarstún var ætlað til bygginga meðfram aðalgötu bæjarins. Alþingi samþykkti frumvarp um söluna á umræddu landi Garðakirkju 7. Maí 1928. Bærinn keypti landið árið 1930 fyrir 12.000 kr.⁸

Náttúrufar og jarðabætur.

1703 Jarðabók: Úthagar nálægt heimastaðnum eru bæði þröngvir og snögglendir" JÁM III, 181.

Skráningarsvæðið er í þeim hluta Garða sem var hluti af Garðakirkjulandsins hins gamla og tilheyrði síðan kaupmannslóðunum og kotjörðunum sem voru keyptar afkirkjunni smátt og smátt. Kotungar í Hafnarfirði fengu að nýta hraunbollana og þarna komu þeir sér upp matjurtargörðum, byggðu lítil fjárhús, hæsnafofa og sitthvað fleiri.⁹

⁷ J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi, bls. 92

⁸ Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar I. Bls. 102, 104, 105

⁹ Jónatan Garðarsson, heimildannaður í september 2011.

Niðurstöður

Við jarðrask geta alltaf komið upp áður óþekktar fornleifar.

Í Þjóðminjalögum frá 2001 nr. 107, 31. maí, 13. gr segir: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Á skráningarsvæðinu eru merki um að á svæðinu hafi verið ræktun bæði í stórum og litlum reitum sem hlaðið hefur verið í kringum, og ber það saman við upplýsingar frá heimildarmanni sem segir að þarna sé hluti Garðakirkjulandsins gamla, og tilheyrði síðan kaupmannslóðunum og kotjörðunum sem voru keyptar afkirkjunni smátt og smátt. Kotungar í Hafnarfirði fengu að nýta hraunbollana og þarna komu þeir sér upp matjurtargörðum, byggðu lítil fjárhús og hænsnakofa, en flestar hleðslur voru til að verja ræktunarreiti þar sem kartöflu- og rófnarækt var stunduð. Þá eru einnig innan svæðisins reitir sem hafa þjónað þeim tilgangi að á þeim var þurrkaður fiskur. Það eru ekki margir reitir sem hafa fengið að vera óhreyfðir, en reitirnir sýna okkur horfna búsetuhætti sem mikið byggðist á fyrir á tímum.

Loftmynd frá 1960 sýnir skráningarsvæðið sem að mestu óbyggt svæði. En þar má sjá vegslóða sem liggja um svæðið, en við þá hafa staðið fisktrönur til að þurrka fisk. Þessar trönur hafa nú horfið fyrir íbúðabygð.

Þegar uppbygging deiliskipulagssvæðisins hefst um 1972 voru ekki komin í gildi þjóðminjalög, sem í dag segja til um m.a. verndun minja, en lögin tóku gildi 2001. Nú er haft í huga að forðast að raska við minjum sem eru á viðkomandi svæði.

Það má því ætla að við uppbyggingu á svæðinu hafi eitthvað af minjum sem þar hafa verið horfið þegar skipulögð eru ný hverfi.

Á nokkrum svæðum má þó finna minjar sem hafa að geyma upplýsingar um horfna atvinnuog búsetuhætti.

Hússtæði (30). Á óbyggðu svæði við Sævang sem að liggja húsin nr. 9, 11, og 13 er á smá hóldragi í landinu steipt plata frá Ámahúsi (30). Heimild segir að 6 manns hafi búið í húsinu 1901.

Norðan og vestan við Ánrahús er hlaðinn garður (31) sem hlaðinn er inn í landið og afmarkar svæðið í kringum hússtæðið. Þar sem svæðið frá Ámahúsi liggur að Sævangi hefur verið hlaðinn stuðningsveggur við landið þegar gengið var frá götunni og hún malbikuð.

Reitur (32): Á vestuhlið á lóð hússins við Sævang 1, sem liggur meðfram Sævangi, er velafmarkaður reitur sem liggur að gagnstéttinni. Reiturinn er ekki í beinni hættu, nema ef einhverjar framkvæmdir yrðu á lóðinni, sem gæti leitt til að hann yrði í hættu, en það ætti að varast.

Óbyggt svæði með háum klettum þar sem liggur norðan við lóðina við Skjólvang 5, þá liggja að svæðinu baklóðir húsanna við Sævang 40, 42, 44, 48, 50 og 52. Á þessu svæði er að finna hleðslur inn á milli kletta sem hafa afmarkað reiti sem notaðir hafa verið til ræktunar.

Matjurtagarður (33). Þessi reitur er sá stærsti á þessu svæði og má ætla að þarna hafi verið ræktaðar matjurtir, undir háum klettavegg á móti suðri.

Annar reitur (34) öllu minni, er afmarkaður með hleðslu og notaður til ræktunnar. (35) er líka afmarkaður gróðurreitir, en liggur lægra í landinu en hinir tveir.

Óbyggt svæði sem að leggja húsalóðir við Sævang 10.12, 24, 26, 28 og 12A.

Fiskreitir (36,37,38). Á þessu svæði eru reitir sem hafa verið notaðir til að þurrka fisk. Einn af þeim er **36** þessi reitur sá stærsti á skráninagarsvæðinu. Hann er vel afmarkaður í landinu. Hann er ekki í beinni hættu nema til framkvæmda komi á svæðinu. Þá er reitur **37** hann er ekki vel afmarkaður nema að hluta, og það sama má segja um **38** sem er enn óljósari, en leiða má líkum að því að þarna hafi verið þurrkaður fiskur.

Vegastæði (39). Á þessu svæði er að finna hluta af hinum gamla Garðavegi sem var lagður um 1900. Á um 20 m löngum bili er hann vel sýnilegur upphlaðinn allt að 1.60 m þar sem hann er á vesturhluta lóðarmarka Sævangs 22. Þá má einning sjá legu hans til suðurs út að Hjallabraut. Sunnan Hjallabrautar er Sævangur þar sem húsin nr. 21, 25, 27 og 11 og 17 standa, þar er Sævangur lagður í gamli Garðavegurinn.

Reitur (40).

Á óbyggusvæði sem er í norður frá Engidalsskóla að landamerkjum Garðabæjar. Þar er að finna garðhleðslu milli lágra kletta í brekku í austur. Má ætla að þarna hafi verið reitur til ræktunar.

Girðing (41). Á þessu svæði sem er landamerkjum Garðabæjar og Hafnarfjarðar liggur undirhleðslugirðing í austur-vestur í landinu og ofan á henni staurar og slitur af gaddavír.

Hleðsla, (42). Á smá parti þar sem girðingin liggur í landinu er aukahleðsla sem hlaðin er í legu hennar til styrkingar eða einhverra nú óþekktara nota. Þessi hleðsla er rétt utan deiliskipulagssvæðisins.

Garðlag, stekkur (43,44). Lóðin Víðivangur 22, hefur að geyma hluta afhlöðnum garði **(43)** á lóðamörkum að vestan, sunnan og austan við húsið ásamt stekk **(44)** í miðri grasflöt sunnan við húsið. Þessar minjar hafa orðið hluti af umhverfi hússins, og verið aðlagðar að notkun útiplássins.

Matjurtagarður (45). Garðahleðsla á lóðamörkum í suður frá við Sævang 29, eitt horn garðsins nær yfir á lóð hússins Sævangs 31. Hleðsla og náttúrleg landmótun mynda umgjörð garðsins. Innan garðsins er grasivaxið.

Reitur(46). Um 1 frá suðvesturhorni lóðamarka Sævangs 29 er afmarkaður reitur í landinu.

Reitur (47). Óbyggt svæði á mili Sævangs 39 og 41. Í halla í landinu á móti austri er grjóthraukur afmarkaður í landinu á milli hraunkletta. Ekki er hægt að segja hvaða innri lögun hraukurinn hefur haft, þar sem grjót liggur vel dreift yfir innri mörk hans. Á vesturhlið má greina 2-3 m langan hleðsluvegg. Það má því leiða líkum af því að veggjahleðslur hafi verið allt um kring á þessu afmarkaða svæði og að þarna hafi verið matjurtagarður.

Samantekt á niðurstöðum.

Á óbyggðu svæði við Sævang þar sem liggja að húsin nr. 9, 11, og 13 er að finna á hóldragi bæjarstæði Ámahúss, (30) en það sem stendur eftir af því er umgjörð gólfplötu, ásamt hluta af gólfi plötunnar. Heimild frá 1901 segir frá ábúendum hússins sem þá voru sex. Að hluta til er út frá bæjarstæðinu hlaðinn túngarður (31) sem hlaðinn er inn í landið.

Svæðið er frágengið og snyrtilegt, og ef ekki verður farið í framkvæmdir á þessum stað er bæjarstæðið og garðurinn ekki í hættu. Ef breyting verður þar á verður Fornleifavernd ríkisins að segja til um aðgerðir vegna þeirra.

Á lóð hússins Sævangur 1 er reitur (32) þar sem þurrkaður hefur verið fiskur. Reiturinn er ekki í beinni hættu, nema ef einhverjar framkvæmdir yrðu á lóðinni sem gæti leitt til að hann yrði í hættu, en það ætti að varast. Það yrði þá að vera í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Óbyggt svæði með háum klettum þar sem liggur norðan við lóðina við Skjólvang 5, þá liggja að svæðinu baklóðir húsanna við Sævang 40, 42, 44, 48, 50 og 52. Þarna er að finna þrjá reiti sem notaðir hafa verið ræktunar. Ekki eru fyrirsjáanlegar framkvæmdir á þessu svæði, en þarna eru háir klettar, og svæðið liggur nokkrum metrum neðar en götuhæðin (33,34,35).

Óbyggt svæði sem að liggja húsalóðir við Sævang 10, 12, 24, 26, 28 og 12A. Á þessu svæði er að finna nokkra reiti sem notaðir hafa verið fyrir fiskþurrkun. Einn af þeim er stærstur og vel afmarkaður í landinu (36). Hinir tveir (37, 38) eru ekki eins vel afmarkaðir og nokkuð óljósir, meira eins og mosavaxnar klapparbreiður, en geta vel hafa þjónað þeim tilgangi að vera reitir. Ef kemur til jarðrasks á svæðinu yrði að taka tillit til þessara reita í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Hluti af hinum gamla Garðavegi (39) sem lagður var 1900, liggur í gegnum svæðið frá Hjallabraut í suður vestan við lóðamörk Sævangs 12, og í norður við lóðamörk húsanna Sævangs 12a og 24 og endar við lóðamörk nr 14. Upphlaðinn vegurinn er vel sýnilegur á vestur lóðamörkum Sævangs 24, einnig að hluta til austan við Sævang 12a. Eftir því sem nær dregur Hjallabrautinni í suður verður hann óljósari. Ef kemur til framkvæmda á þeim lóðum sem liggja að honum getur hann verið í hættu. Það má segja að mesta hættan er í og við lóðirnar Sævang 24 og 12a. Einnig eru hleðslur frá veginum á opnu svæði austan við Sævang 12a.

Allar framkvæmdir í og við veginn verður að bera upp við Fornleifavernd ríkisins. Óbyggt svæði sem er í norður frá Engidalsskóla að landamerkjum Garðabæjar, og til suðurs að Glitvangi 31.

Reitur (40) í norður frá Engidalsskóla, Reiturinn hefur verið notaður til ræktunar. Hann er ekki í beinni hættu, nema e.t.v. frá umgangi um svæðið, en það er mikið notað sem leiksvæði. Ef breytingar verða á notkun svæðisins skal hafa samband við Fornleifavernd ríkisins (22).

Undirhleðslugarður (41) þar sem einnig kemur fyrir hleðsla (42) sem er rétt utan deiliskipulagssvæðisins og er þykkari og breiðari en undirhleðslan. Garðurinn liggur í austur-vestur, á landamerkjum Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Girðingin er ekki í beinni

hættu nema til komi framkvæmdir á þessu svæði. Og skal þá hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins (23,24).

Á lóð sunnan við húsið Víðivang 22. Innan lóðamarka er U-laga garðlag **(43)** og innan þess er stekkur **(44)**. Þessar minjar hafa orðið hluti af umhverfi hússins, og verið aðlagðar að notkun garðsins. Notkun stekkjarsins er í dag sú að í honum stendur trampólín sem er með neti í kring, svo ekki er bein hættu afþeirri notkun, en farið er beint frá tröppum sem liggja niður í stekkin inn í netið, en benda skal á **10. grein í Þjóðminjalögum** sem segir m.a.: Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Fornleifum meggi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til.

Sævangur 29-31.

Í suður frá lóðarmörkum Sævangi 29 er garðlag **(45)** þar sem lóðarmörk Sævangs 29 liggja inn á svæðið sem er innan garðsins Gætu hleðslur verið í hættu við jarðrask á lóðinni Sævangi 29.

Við jarðrask sem mundi ganga nær garðinum þarf að leita álits Fornleifaverndar ríkisins. Á lóðarmörkum milli Sævangs 29 og 31 er suðvesturhorn garðsins þar sem mætist hleðsla sem er suðurhlið og náttúrulega gerð vesturhlið garðsins. Þessi hluti garðsins er ekki í beinni hættu, þar sem þarna er lóðin mótuð og ekki líkur á breytingum. Sævangur 29.

Reitur(46). Um 1 frá suðvesturhorni lóðarmarka Sævangs 29 er afmarkaður reitur í landinu. Við jarðrask á lóðarmörkum gætu hleðslur reitsins verið í hættu. Þá þarf að leita álits Fornleifaverndar ríkisins áður en að framkvæmdir hefjast.

Óbyggt svæði á milli Sævangs 49 og 51. **(47)** Á svæðinu eru hrundar hringlaga hleðslur á afmörkuðu svæði. Líklega hefur þarna verið ræktunarreitir.

Svæðið er ekki vel aðgengilegt frá Sævangi og nokkuð bratt með háum hraunklettum. Þar er því líklegt að svæðið verði áfram óhreyft eins og það er í dag. Ef framkvæmdir af einhverju tagi verða á svæðinu verður Fornleifavernd ríkisins að segja álit sitt á því með tilliti til þessara hrundu hleðslna.

Heimildaskrá:

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703. Jarðabók III, bls. 180-181. Kaupmannahöfn 1923-1924.

Ásgeir Guðmundsson 1983. Saga Hafnarfjarðar I. Bls. 102,104,105

DI: Islenskt fornbréfasafn I-XVI Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972. DI II, 362. DI III, 220. DIXIII 317.

J. Johnsen 1847. Jarðatal á Íslandi, bls. 92. Kaupmannahöfn 1847.

Jónatan Garðarsson, heimildarmaður í seternber 2011.

Örnefni Garðahverfi, 2. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildarmaður:

Jónatan Garðarsson, Lóuási 2, 220 Hafnarfjörður.

Viðtal, og óútgefnar heimildir í september 2011.

Forsíðumynd: Reitur bak við hús nr. 42 við Sævang, hússtæði Ámahúss bak við hús nr. 9, 11 og 13 við Sævang, matjurtagarður bak við hús nr. 29 við Sævang og Garðavegur á opnu svæði norðan við hús nr. 12A og 24 við Sævang.

Garðar
 185/30

Heiti.....Árnahús 10
 Tegund.....Hússtæði/gólfplata
 Hlutverk.....Bústaður/fjárhús
 Gps-hnit..... N°: 'W°: '
 Aldur.....1550-
 Ástand.....Lélegt
 Hættumat.....Framkvæmdir
 Hætta.....Lítill
 Minjagildi.....Talsvert
 Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Við Sævang þar sem að liggja baklóðir húsanna við Sævang 11 og 9 ásamt lóð m. 13, er óbyggt svæði. Upp að því hefur verið hlaðinn garður. Á smá hólðragi í landinu hefur Árnahús staðið.

Lýsing

Af byggingunni sem þarna stóð stendur eftir steipt gólfplata um 2 x 5 m. Veggjaþykkt um 0.25 m. Hluti gólfplötunnar er horfinn en undirlag hennar er mól. Hæð plötunnar er um 0.25 m, og er hún velafmörkuð. Út frá miðri norðausturhlíð hennar liggja sléttir steinar sem gætu hafa verið dyrahella.


Athugasemdir

Í Árnahúsi bjuggu 6 heimilismenn árið 1901.

Ísnet 93. 400.450,55 355.253,82

Heimildir

Sigurður Skúlason: Saga Hafnarfjarðar bls.407. Reykjavík 1933.



Horft í norður yfir gólfplötu Árnahúss.

Gólfplata og garðlög í kring.

Garðar
185/31

Heiti.....Túngarður 20
Tegund.....Garðlag
Hlutverk.....Túngarður
Gps-hnit..... N°: 'W°: '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Við Sævang, þar sem að liggja baklóðir húsanna við Sævang 11 og 9 ásamt lóð nr. 13, er óbyggt svæði. Upp að svæðinu hefur verið hlaðinn garður sem liggur að götunni. Á smá hólðragi í landinu hefur Árnahús staðið. Norðan og austan við þar sem Árnahús stóð er hlaðinn túngarður, sem afmarkar landið í kringum hússtaðið.

Lýsing

Garðurinn er hlaðinn inn í landið. L-laga garður er um 3 m frá suðvesturhorni Árnahúss, hleðsluhæð er um 0.40 m. Garðurinn rennur saman við klettabelti í landinu og út frá því liggur annar L-laga garður í norður-austur, hleðsluhæð hans er um 0.40-0.50 m.


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.457,28 355.245,38

Heimildir



Horft í norðnorðaustur að túngarðinum.



Túngarðurinn við Árnahús.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar
185/32

Heiti.....Efstireitur 21
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Fiskireitur
Gps-hnit..... N°: 'W°: '
Aldur.....1150- 1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Framkvæmdir/ábúð
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Við suðurhlíð lóðarinnar Sævangs 11 sem liggur að Sævangi.

Lýsing

Reiturinn er velafmarkaður í landinu .. Hæðin frá götu að reitnum er um 0.50 m, en landið hækkar aðeins frá reitnum inn á lóðina. Að reitnum að vestan er garðhleðsla, hleðsluhæð um 0.40 m. Reiturinn er mosavaxinn og að honum er grasivaxið.


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.447,65 355.197,59

Heimildir



Horft í austur yfir reitinn.



Reiturinn.

Garðar

185/33

Heiti.....Matjurtagarður 11
Tegund.....Garðlag/reitur
Hlutverk.....Matjurtagarður
Gps-hnit..... N°: 'W°: '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Óbyggt svæði sem liggur norðan við lóðina við Skjólvang m 5, þá liggja að svæðinu baklóðir húsana við Sævang 40, 42, 44, 48, 50 og 52.

Um 20 minn að miðju svæðisins inn á milli kletta er garðlagið, sem liggur að baklóðum m. 42 og 44 við Sævang.

Lýsing

Garðlagið er hlaðið á milli kletta, með armi til suðvesturs. Norðvestur klettarnir eru um 5-6 m háir, suðaustur klettarnir um 2-3 m háir. Hleðsluhæð garðlagsins á milli kletta er um 0.40 m, hleðsluhæð á armi til suðvesturs er um 0.60 m.


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.642,45 355.148,53

Heimildir



Horft til vesturs yfir reitinn.



Reiturinn.

Garðar
185/34

Heiti.....Reitur 12
Tegund.....Garðlag/reitur
Hlutverk.....Ræktun
Gps-hnit..... N°: 'W°: '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Óbyggt svæði þar sem liggur norðan við lóðina við Skjólvang m 5, þá liggja að svæðinu baklóðir húsanna við Sævang 40, 42, 44, 48, 50 og 52.

Um 30 minn að miðju svæðisins inn á milli kletta er garðlagið, sem liggur að baklóðum 42 og 44 við Sævang.

Um 30 m í vestur inn á milli klettaveggja sem standa hátt í landinu en lækka aðeins til norðs um 10 m að lóðum við Sævang 48 og 50.

Lýsing

Fyrirhleðsla er hlaðin á milli klettaveggja, þar sem að vestan er klettaveggur sem er um 7-8 m hár. Út frá honum í norður liggur hleðslukantur að stökum steini í landinu, en að austan um um 2-3 má hæð. Hleðsluhæð er um 0.50 m. Hleðslan er hrúnn, en steinar úr henni liggja báðum megin hennar, en hún er velafmörkuð í landinu. Steinastærð 0.40-0.60 m.


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.651,81 355.139,14

Heimildir



Horft til norðurs yfir reitinn



Reiturinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar
185/35

Heiti.....Reitur 26
Tegund.....Hleðslur
Hlutverk.....Gróður
Gps-hnit..... N°: 'W°: '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta.....
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Óbyggt svæði sem liggur norðan við lóðina við Skjólvang nr 5, þá liggja að svæðinu baklóðir húsana við Sævang 40, 42, 44, 48, 50 og 52.

Um 20 m í vestur frá miðju svæðinu frá Skjólvangi.

Lýsing

Á milli kletta í landinu eru hleðslur sem afmarka reit á milli þeirra. Hleðsluhæð um 0.40 m eða lægra. Steinastærð um 0.20-0.40 m.


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.662.03 355.151.06

Heimildir



Horft til vesturs yfir reitinn.



Reiturinn á milli kletta.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar

185/36

Heiti.....Reitur 13
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Fiskreitur
Gps-hnit..... N°. 'W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....framkvæmdir
Hætta..... Lítil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Óbyggt svæði sem að liggja húsalóðir við Sævang 10.12, 24, 26, 28 og 12A.

Lýsing

Reiturinn liggur í nokkuð sléttu landi sem er grasivaxið, en reitminn sjálfur er mosavaxinn. Reiturinn er um 17-18 m langur og um 7-8 m breiður. Norðurbrún reitsins er allt að 0.60 má hæð, en fylgir síðan landinu til suðurs. Steinastærð er um 0.30-0.60 m


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.492,58 355.133,19

Heimildir



Horft til vesturs yfir reitinn.



Reiturinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar

185/37

Heiti.....Fiskireitur 14
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Fiskreitir
Gps-hnit..... N°. 'W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta..... Lítil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Um 8-9 m austan og ofan við við húsið Sævang 12A, í smá slakka í landinu sem liggur austur-vestur. Grasivaxið er að reitnum og trjáplöntur hafa verið gróðursettar beggja megin hans.

Lýsing

Reiturinn er um 3-4 m breiður, og um 10-11 m langur. Vesturendi reitsins rennur saman við landið sem liggur að honum. Hleðsluhæð um 0.40 m.


Athugasemdir

Ísnet 93. 401.118,07 356.049,75

Heimildir



Horft til norðurs yfir reitinn.



Reiturinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjardur.is

Garðar

185/38

Heiti.....Fiskireitur 15
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Fiskreitur
Gps-hnit..... N°. 'W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....framkvæmdir
Hætta..... Lítil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Um 4-5 m í austur og ofan við húsið Sævang 12A, í smá halla í vestur.

Lýsing

Reitir sem liggja samhliða með 1 m breiðum slakka í landinu sem er um 0.60 m lægri en landið í kring. Reiturinn, sem er nær húsinu og hallar niður að því, er um 7-8 m langur og um 3-4 m breiður. Mosa- og grasivaxinn. Reiturinn sem er fjær er um 6-7 m langur og um 3-4 m breiður, mosavaxinn, en þó meira grasivaxinn. Frá slakkanum rennur hann síðan saman við landið í kring.

Athugasemdir

Ísnet 93. 400.475,92 355.109,19

Heimildir



Horft til vesturs yfir reitinn.

Garðar
185/39

Heiti.....Garðavegur 16-17
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Leið/vegur
Gps-hnit..... N°: 'W°: '
Aldur.....1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta..... Talsverð
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Vegastæðið liggur um óbyggt svæði þar sem að liggja baklóðir húsanna við Sævang 12, 12A, 24, og 14.

Lýsing

Lýsing: Vegstæðið liggur í suðaustur-norðvestur. Það má sjá marka fyrir veginum vestan við lóðina Sævang 12 í grasivöxnu landinu. Eftir því sem kemur nær húsinu nr. 12A verður hann sýnilegri og ekki uppgróinn. Þar er hann um 6 m breiður. Hleðsluhæð í kanti að vestan er um 0.40 m, en að austan rennur hann saman við landið í kring. Á um 20 m kafla við lóðamörk hússins Sævangs 24, að austan, er hleðsluhæð vegarins allt að 1.60 m, en lækkar til norðurs og rennur saman við landið í kring við lóðina nr. 32 við Sævang.

Vesturhlið vegarins við lóðamörk við nr. 12A hefur horfið í matjurtagarð, þar er vegurinn um 3 m breidd. Þar sem matjurtagarðurinn endar breiðkar vegurinn aftur á móts við lóðamörk við Sævang 24. Að vestan má sjá 2-3 m langa hleðslu í vegkantinum allt að 1.00 m háa.

Hluti af Sævangi er gamli Garðavegurinn, þ.e. sá stubbur sem liggur milli Hjallabrautar og Sævangs - þar sem húsin nr. 21, 25, 27 og 11 og 17 standa.

Athugasemdir

Heirnildarmaður: Garðavegurinn var lagður rétt fyrir aldamótin 1900 og það gerði Sigurgeir Gíslason vegavinnuverkstjóri sem bjó í húsinu Mörk við Merkur götu.

Ísnet 93. 400.512,70 355.090,18
400.482,22 355.135,10

Heimildir

Heimildamaður: Jónatan Garðarsson í október 2011.



Horft til austurs eftir veginum, vestan við Sævang 12.



Horft til norðvesturs við vesturhlið lóðarmarka Sævangs 24

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar

185/40

Heiti.....Reitur 22
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Matjurtagarður
Gps-hnit.....N°. 'W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Lélegt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta..... Lítil
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Um 40 m frá norðausturhorni Engidalsskóla á óbyggðu svæði sem er í norður frá skólanum að landamerkjum Garðabæjar.

Lýsing

Klettabelti þar sem liggur austur-vestur í landinu. Vesturklettur eru um 0.90 m háð og austur um 0.60 m háð. Á milli þeirra er grasivaxin lægð sem er um 3 m breið. Þar má greina óljósa hleðslu sem er um 0.40 m háð, en steinar liggja að, sem hafa verið hluti af hleðslunni,


Athugasemdir

Ísnet 93. 401.159,00 355.837,00

Heimildir



Horft yfir reitinn til vesturs.



Reiturinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar

185/41

Heiti.....Landamerkjagarður 23
Tegund.....Hleðsla/undirhleðsla
Hlutverk.....Landamerki
Gps-hnit..... N°. 'W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta..... Lítil
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Óbyggt svæði sem er í norður frá húsunum við Þrúðvang 22 að Glitvangi 31 að landamerkjum Garðabæjar. Undirhleðslugirðingin liggur á landamörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Lýsing

Undirhleðslugirðingin liggur austur-vestur í landinu. Einhlaðið er undir hana og er hleðsluhæð um 0.40 m. Veggjaþykkt um 0.40 m.

Athugasemdir

Ísnet 93. 401.166,87 355.899,97

Heimildir



Horft til vesturs eftir garðinum.



Horft til austurs eftir garðinum.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar

185/42

Heiti.....Hleðsla 24
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Óþekkt
Gps-hnit..... N°. 'W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Ágætt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta..... Lítil
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Óbyggt svæði sem er í norður húsunum við Þrúðvang 22 að Glitvangi 31 að landamerkjum Garðabæjar. Undirhleðslugirðingin liggur á landamörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar. Þessi hluti undirhleðslugirðingarinnar liggur um smá lögð í landinu.

Lýsing

Einhlaðin unirlhleðslugirðing liggur austur-vestur í landinu. Í henni kemur þó fyrir hærri hleðsla, sem er um 0.50-0.75 má hæð, og er hlaðin inn í landið.

Athugasemdir

Ísnet 93. 401.118,07 356.049,75

Heimildir



Horft yfir hleðsluna til austurs.



Horft að hleðslunni til suðurs.

Garðar
 185/43

Heiti.....Garðlag 28-29-30-31
 Tegund.....Hleðsla
 Hlutverk.....Garður
 Gps-hnit..... N°: W°: '
 Aldur.....1550- 1900
 Ástand.....Sæmilegt
 Hættumat.....Ábúð/framkvæmdir
 Hætta..... Talsverð
 Minjagildi.....Hátt
 Friðlýst..... Nei

Staðhættir

Á lóð sunnan við húsið Víðivang 22. Suður og vesturhlið lóðarinnar liggur að Víðistaðatúni. Frá suðurhlið hússins er um 2 m á breið stétt og meðfram stéttinni er nýlega hlaðinn garður, hleðsluhæð um 0.50 m, en garðurinn fylgir hæð stéttarinnar.

Lýsing

Garðlagið liggur frá fyrrnefndum garði meðfram stéttinni í smá sveigum í landinu út að göngustíg, sem liggur um Víðistaðatún. Hleðsluhæð er um 0,50-0.40 m, en á suðurhlið er um 7-8 m garðlag sem liggur í sömu hæð og landið í kring. Steinastærð Um 0.25-0.50 m.

Athugasemdir


Garðurinn liggur að hluta til í kringum stekk sem liggur allt að 1.80 m lægra en landið í kring og eru tröppur ofan í hann. Garðlagið hefur að öllum líkindum legið allt í kringum stekkinn, en hefur horfið við framkvæmdir við gatnagerð og húsbyggingar.

Ísnet 93. 400.587.86 355.537.24
 400.577.16 355.540.92
 400.576.56 355.550.54
 400.574.59355.556.96

Heimildir



Horft yfir garðinn til suðurs.



Garðurinn og stekkurinn.

Garðar

185/44

Heiti.....Stekkur 27
 Tegund.....Hleðsla
 Hlutverk.....Stekkur
 Gps-hnit..... N°: 'W°: '
 Aldur.....1550- 1900
 Ástand.....Ágætt
 Hættumat.....Ábúð/framkvæmdir
 Hætta.....Talsverð
 Minjagildi.....Hátt
 Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Á lóð sunnan við húsið Víðivang 22. Suður og vesturhlið lóðarinnar liggur að Víðistaðatúni. Allt að því U-laga garðlag liggur frá suðurhlið hússins. Innan þess er stekkurinn. Lýsing:

Lýsing

Stekkurinn er hlaðinn og liggja veggir hans lægra en landið í kring. Hleðsluhæð á norðausturhlið er um 1.60 m, en hækkar þó aðeins til suðvesturs þar sem hleðsluhæð er um 1.80 m. Hleðslur eru hlaðnar inn í hliðarveggina og fylgja afmörkun stekkjains í landinu, nema við suðausturhorn hans þar sem er slétt steinhella, en hleðslusteinarnar liggja að og ofan á henni. Steinastærð 0.25-0.40 m. Hlaðnar tröppur liggja niður í stekkinn.

Athugasemdir

Notkun stekkjarsins er í dag sú að í honum stendur trampólín sem er með neti í kring, svo ekki er bein hætta af þeirri notkun, en benda skal á

10. grein í þjóðminjalögum sem segir m.a.:


Samkvæmt lögunum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Fornleifum megi enginn "spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi Fornleifaverndar ríkisins komi til".

Ísnet 93. 400.581.73 355.542.63

Heimildir



Horft til suðurs yfir stekkinn.



Stekkurinn og garðurinn.

Garðar

185/45

Heiti.....Matjurtagarður 33-34-35
 Tegund.....Hleðsla
 Hlutverk.....Matjurtagarður
 Gps-hnit..... N°: W°: '
 Aldur.....1550- 1900
 Ástand.....Sæmilegt
 Hættumat.....Ábúð/framkvæmdir
 Hætta.....Talsverð
 Minjagildi.....Hátt
 Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Frá miðri suðurhlið á lóðamörkum Sævangs 29, er austurhlið garðsins sem liggur í suður og síðan í vestur og þar nær norðvesturhorn garðsins inn á lóðina Sævang 31.

Lýsing

Svæðið innan garðsins liggur að hluta til inni á lóðinni Sævangi 29, og norðvestur horn hans á lóðinni Sævangi 31, sem er lagt klettabelti.

Austur, og suðurhlið eru vel afmarkaðar. Hleðsluhæð á austurhlið er um 0.40 m, og hleðslan og landið notað til afmörkunar. Steinastærð 0.25-0.40 m. Hleðsluhæð á austurhlið er um 0.80 m, en efri brún hleðslunnar rennur saman við landið í kring. Steinastærð 0.25-0.50 m. Vesturhlið er lágt klettabelti um 1.20 má hæð. Norðurhlið garðsins er horfin í kant sem er frá grasbletti hússins Sævangs 29.


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.381.00 355.127.13
 400.393.22 355.129.28

Heimildir



Horft til suðurs yfir garðinn.



Matjurtagarðurinn.

Fornleifaskrá

Byggðasafn Hafnarfjarðar
museum@hafnarfjordur.is

Garðar
185/46

Heiti.....Reitur 38
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Matjurtagarður
Gps-hnit.....N°. 'W°. '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Ábúð/framkvæmdir
Hætta.....Talsverð
Minjagildi.....Hátt
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Um 1 m frá suðausturhorni á lóðamörkum Sævangs 29.

Lýsing

Garðlagið er vel afmarkað í landinu. Hleðsluhæð allt að 0.50 m, en við endavegg við inngang er það 0.30-0.40 m. Steinastærð um 0.25-0.50 m.


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.394.10 355.166.05

Heimildir



Horft til austurs yfir garðinn.



Matjurtagarðurinn.

Garðar

185/46

Heiti.....Reitur 39
Tegund.....Hleðsla
Hlutverk.....Matjurtagarður
Gps-hnit.....N°, 'W°, '
Aldur.....1550- 1900
Ástand.....Sæmilegt
Hættumat.....Framkvæmdir
Hætta.....Lítill
Minjagildi.....Talsvert
Friðlýst.....Nei

Staðhættir

Óbyggt svæði á milli Sævangs 49 og 51. Á svæðinu eru háir hraunklettar, sem ná 10 -12 minn á svæðið að vestan, um 4-5 m frá lóðamörkum Sævangs 49 þar sem hraunklettarnir eru hæstir, en frá brún eru 5-6 m niður að allt að því hringlaga grjóthrauk sem er þó vel afmarkaður í landinu.

Lýsing

Grjóthraukurinn er afmarkaður á milli hraunkletta í halla í landinu á mót austri. Lögunin er allt að því hringlaga. Við suðurhlið má greina 5-6 m hleðsluvegg sem hlaðinn er inn í landið, hleðsluhæð um 0.80 m. Vesturhlið er einnig hlaðin inn í landið og er hleðsluhæð allt að 1 m, en vesturhlið liggur hæst í hraunklettahæðinni. Óljós merki eru um inngang á austurhlið. Annars virðist sem hleðslur hafi fallið inn að miðju og eru þar um 0.40 m há hæð. Steinastærð um 0.25-0.40 m. Þeir eru mosavaxnir.


Athugasemdir

Ísnet 93. 400.662,86 355.042.00

Heimildir



Horft til vesturs yfir reitinn.



Reiturinn.



meðskali 1:2000
10.0 m 100

NORDURBÆR FORNLEIFASKRÁNING

14.nóvember 2011
KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, fornlisöfnaðingur MA